

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen, útgefin
23. nóvember 1988.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen.

Kristín Ólína Thoroddsen, f. 29. apríl 1894, d. 28. febrúar 1961, var forstöðukona Hjúkrunarskóla Íslands frá stofnun hans árið 1931 til 1949. Nemendur skólans og aðrar hjúkrunarkonur, sem átt höfðu samstarf með Kristínu Thoroddsen, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs við andlát hennar, 28. febrúar 1961, í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjendastörf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er gkr. 25 þúsund. Hann má ekki skerðað.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim hjúkrunarfræðingum viðurkenningu sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Verðlaunin skulu vera peningur úr brónsi. Á annarri hlið hans skal vera upphleyp mynd af Kristínu Thoroddsen, gerð eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar af henni. Á hinni hlið peningsins standi: Verðlaun Kristínar Thoroddsen og nafn nemanda er peninginn hlýtur, ásamt ártali.

Heimilt er að veita hjúkrunarfræðingum styrk til framhaldsnáms úr sjóðnum.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa:

1. Formaður Hjúkrunarfélags Íslands sem er formaður sjóðsstjórnar.
2. Skólastjóri/námsstjóri við framhalds- og endurmenntunardeild hjúkrunarfræðinga.
3. Hjúkrunarforstjóri Landspítalans.
4. Stjórn deildar ellilífeyrisþega Hlífar tilnefni einn aðila.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn birta endurskoðaða ársreikninga í ársskýrslum Hjúkrunarfélags Íslands.

Endurskoðendur reikninga Hjúkrunarfélags Íslands endurskoða reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum, minningarkortum og öðrum ráðum er sjóðsstjórn telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað fyrri skrár frá 14. desember 1966.